

Fundargerð 63. fundar skólanefndar.

Dagsetning: Þriðjudagur 19. nóvember 2013, kl. 16.30.


Viðstaddir:

Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Sigrún Ólafsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Helga María Jóhannsdóttir og Kári Rafnsson áheyrnafulltrúar foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnafulltrúi kennara, Guðmundur Jensson áheyrnafulltrúi nemenda og Lilja Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigríður Finsen setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- 1. NFSN** – Guðmundur kynnti NFSN, félagslífið allt að koma til, fimmtudagsflipp – góðir vinningar, jólaskemmtun verður haldin 29. nóv. og 6. des verður svefnpokapartí, árshátíð 6. febrúar nk. Skessuhorn hringir reglulega og fær fréttir um skólastarfið, Guðmundur kynnti líka Herkúles keppnina, allt íþróttatengt, líka andleg hreyfing (fara t.d. snemma að sofa). Kynnti líka West Side sem skólinn tók þátt í, keppt í fótbolta, körfubolta og fleiru á milli skólanna – Akranes, Borganes og FSN (Nemendafélög framhaldsskóla á Vesturlandi) lentum í 2. sæti.
- 2. Afmælisnefnd** – Jón kynnti að það væri 10 ára afmæli skólans á næsta ári og stefnt væri að því að minnast þess á veglegan hátt næsta haust, var vonast til að fá nemendur í áfanga til að búa til t.d. skólablað, búið að kynna. Í nefndinni eru Helga Lind, Jón Eggert, Hólmfríður, Ólafur Tryggvason sem fulltrúar skólans öðrum verður boðin þátttaka í nefndinni. Umræðu frestað vegna fjarveru Bjargar.
- 3. Samstarf**
 - a. Fjarmenntaskólinn** – Jón talaði um að samstarf framhaldsskóla er okkur nauðsynlegt, þar sem hlutastörfum við skólann er að fjölga og því erfitt að fá fagkennara hingað, þess vegna kemur fjarnám til sögu, ef einhver hér er með kennara í huga þá er vinna hér ☺ vill leita til Borganes um samstarf, líkir skólar með svipaðan nemendafjölda, fyrirstaðan er sú að það vantar fjármagn fyrir ferðakostnaði, búið að nefna þetta við ráðuneytið, vill leita lausna og biður fundamenn um aðstoð. Það er áhyggjuefni að hafa ekki fagfólk í öllum greinum. Magnús talaði um að það væri ekki gott að ekki væri hægt að hafa samstarf út af kjarasamningum (grunnskóla/ framhaldsskóla)
 - b. Svæðisgarður Snæfellinga** – Sólrún kynnti samstarf við Alta til að nota kort til kennslu, Árni Geirsson kom hingað og kenndi nokkrum kennurum notkun Google Maps og fleiri forrita sem eru ókeypis á netinu, vilja gefa nemendum kost á að setja sína punkta á vefinn



Svæðisgarð Snæfellinga, hugarefni skólameistara er meira samstarf milli fyrirtækja og stofnana,

c. Þróunarfélag Snæfellinga – Samstarf við FSN um menntunaráæði tengist verkefninu Hækkað menntunarstig á Norðvesturlandi.

4. Hækkað menntunarstig á Norðvesturlandi – Rætt um stöðu verkefnisins um hækkað menntunarstig í kjördæminu.

5. Námskrárvinna í FSN – Vilji er til að innrita eftir nýju lögunum frá 2008 næsta haust. Í FSN hefur töluvert verið gert til þess að bjóða nemendum styttra nám eins og t.d. á öryggis- og þjónustubraut og síðast á fiskvinnslubraut en nánast engir nemendur **hafa sýnt þessu námi** áhuga. Það er eins og allir stefni á stúdentspróf. Jón sýndi stúdentsbrautir sem hér eru í undirbúningi, 200 eininga brautir, hugsanlega verða breytingar í 180 einingar (3 ár). Skólinn er tilbúinn að hella sér í verkefnið, kominn hópur sem er að útfæra þetta, nokkrir skólar komnir inn í þetta kerfi og margir eru í startholunum –Jón Eggert vill ræða um samstarf við innleiðingu á milli stjórnenda skólanna á Snæfellsnesi.

6.Önnur mál – Jón talaði um þær góðu fréttir að búið er að samþykkja nemendagólfíð sem sótt var um fyrr á þessu ári, við þurfum þá ekki að hafa áhyggjur af því að vera skorin niður á næsta ári, það verður hægt að greiða niður skuldir eins og rekstraráætlunin gerir ráð fyrir. Í þessu ljósi er hægt að eyða aðeins meira en áætlað var í endurnýjun búnaðar. Jón talaði um námsferð nokkurra kennara FSN á tölvu- og hugbúnaðarsýninguna Bett sem haldin er árlega í London..

Helga Lind og Pétur Vilbergur héldu annan fund um velferð unglinga á Snæfellsnesi hér í FSN í síðustu viku. Á fundinn mættu m.a. fulltrúar frá lögreglunni, heilsugæslunni og félagmiðstöðvum.

Fundi slitið kl. 17:50